

Mánudaginn 17. marzmánadar.

Nr. 50/1901:

Tryggvi Gunnarsson  
 gegn  
 Sigurði Thoroddsen.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði verkfræðingur Sigurður Thoroddsen fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn bankastjóra Tryggva Gunnarssyni fyrir meiðyrði um sig í grein í 55. árg. 10. tölubl. bladsins »Þjóðólfur«, sem út kom 1. marz f. á., með fyrirsögninni »Þynnar milli rósa« og var málið dæmt í nefndum rétti 29. ágúst f. á. með þeim úrslitum, að hin átöldu ummæli voru dæmd dauð og ómerk og áfrýjandi dæmdur til að greiða 30 kr. sekt í landssjóð eða sæta til vara 6 daga einföldu fangelsi; svo skyldi og áfrýjandi greiða stefnda í málskostnað 15 krónur.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfir dómsins með stefnu dags. 26. nóvember f. á., og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að hinn áfrýjandi dómur verði feldur úr gildi og hann algerlega sýknaður af kærnum og kröfum stefnda í málinu, en stefndi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir undir- og yfirdómi eftir mati réttarins. Hinn stefndi hefir á hinn bóginn krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi.

Hin átöldu ummæli í téðri bladagrein, sem er undirskrifuð »Tr. G.« og áfrýjandi hefir kann-

ast við að hann sé höfundur að og beri ábyrgð á, eru þessi: »en orsökkin til þess« (að uppástunga áfrýjanda á alþingi, um að veitt væri fé til að gera þurra skipakví, var álitin þar óundirbúin), »var sú, að þau tvö skifti um veturinn áður, sem 3000 kr. maðurinn var bedinn að skoða hinn fyrirhugada stað, sem liggur svo nálægt Rvík, að fara má þangað á rúmum 1/2 kl.tíma, þá þurfti hann að leika »komedíu« og hvíla sig á »sofanum««. Það er viðurkennt að með þessum ummælum sé átt við stefnda (sbr. 3000 kr. maðurinn), og eftir því sem framkomið er í málinu, verða þau að teljast ósönn. Og þar sem ummælin verða að skiljast á þann veg, að með þeim sé dróttað að stefnda, sem er opinber starfsmaður, að hann hugsi mest um skemtanir og sé latur, þá eru þau mjög móðgandi fyrir hann og óvirdandi, og ber því að dæma þau ómerk og sekta fyrir þau, eins og undirdómarinn hefir gjört. Þykir sektin, sem í undirdóminum er gerð, ekki of hátt ákveðin 30 kr. samkv. 219. gr. hegningarlaganna, og með því yfirdómurinn einnig felst á vararefsinguna og á málskostnaðarákvæði dómsins, ber að staðfesta hinn áfrýjanda dóm að öllu leyti. Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda og að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 kr.

Því dæmist rétt, vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskadur.  
 Áfrýjandinn, Tryggvi bankastjóri Gunnarsson,



greiði og stefnda Sigurði verkfræðing Thor-  
oddsen málskostnað fyrir yfirdómi með 20 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá  
lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 46/1901.

Ólafur Arnason

gegn

Snjáfríði Gísladóttur.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði kaupmaður Ólafur Árnason á Stokkseyri fyrir lögreglurétti Reykjavíkur kaupstaðar gegn stúlkunni Snjáfríði Gísladóttur fyrir það, að hún hafi hlaupið úr vist frá sér, er hún hafi verið ráðin í fyrir vistarárið frá 14. maí 1901 til sama tíma 1902, og var málið útkljáð með lögregluréttardómi nefnds kaupstaðar 2. septbr. 1901, og urðu þau málalok, að Snjáfríður Gísladóttir skyldi, ef hún eftir löglegan undirbúning á varnarpingi sínu. synjaði fyrir það með eidi, að hún hefði verið vistráðin nefnt ár hjá Ólafi Árnasyni gegn 60 kr. árskaupi, vera sýkn af kröfum hans í málinu og málskostnaður þá falla niður, en ella greiða honum 55 kr. fyrir vistarrof og 10 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir Ólafur Árnason áfrýjað til landsyfirréttarins með stefnu dagsettri 12. nóvember f. á. og krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur og honum þannig breytt, að hin stefnda verði dæmd til að greiða honum 55 kr.